

Bústaðasókn

Safnaðarblað

Bústaðakirkju - Tunguvegi/Bústaðavegi - Sími 553 8500 - Mars 2001

Gleðilega páska!



Frá
minningartónleikum
um Guðna organista

Undur lífsins

Það er stórkostlegt þegar nýtt líf verður til og barn fæðist inn í þennan heim. Eftir margra mánaða bið og undirbúning er komið að stóru stundinni. Nýr einstaklingur lítur dagsins ljós og þau sem verða vitni að því eru snortin af kraftaverkinu mikla. Í hversdagslegri tilveru okkar vekur barnsfæðing okkur til vitundar um hve lífið er í raun mikið undur. “Mér finnst sem þú munir fæða allan heiminn upp á nýtt” segir í fallegum dægurlagatexta Ólafs Hauks Símonarsonar.

Þegar einstaklingur deyr, erum við einnig áþreifanlega minnt á mikilvægi lífsins, en á annan hátt. Við horfumst í augu við þá köldu og nóturlegu staðreynd að líf okkar allra tekur enda. Í orði Guðs er að finna hugleiðingar um hverfuleika lífsins. Í 40. kafla Jesaja segir: “Allt hold er gras og allur yndisleikur þess sem blóm vallarins. Grasið visnar, blómin fölna, þegar Drottinn andar á þau. Sannlega mennirnir eru gras. Grasið visnar, blómin fölna, en orð Guðs vors stendur stöðugt eilíflega.”

Við erum sem gras, samkvæmt orðum ritningarinnar. Safaríkt grasið í sveitinni eða ilmandi grasflötin við húsið okkar breytist í hálm á haustin. Grasið græna og góða visnar og deyr. Þannig er það einnig með okkur. Lífið sem virðist svo raunverulegt og varanlegt er það alls ekki. Við sem drögum lífsandann í dag og byggjum upp samfélagið erum gleymd á morgun. Bernska, fullorðinsár og elli líða hjá sem örskotsstund og enginn

veit hve lengi okkur auðnast að lifa. Nútíð verður að fortíð áður en við vitum af. Lífið sem virðist svo óendanlegt tekur enda einn góðan



Petrína Mjöll Jóhannesdóttir

veðurdag. Við deyjum öll einhvern tíma og enginn veit hvenær það verður. Vissulega erum við gras í þeim skilningi. Það er hollt að hugsa til þess og lifa með það fyrir augum að einhvern tíma deyjum við. Lífið sem við eigum nú er dýrmæt gjöf Guðs og því mikilvægt að lifa því vel. Eitthvað sem er svo mikilvægt í dag skiptir kannski engu máli á morgun. Því sem ég fresta til morguns, fæ ég ef til vill ekki tækifæri til að gera. Lífið er hér og nú og verður ekki slegið á frest.

Á páskum minnumst við lífs, dauða og upprisú Jesú Krists. Við rifjum upp þjáningarnar sem hann gekk í gegnum og minnumst dauða hans. Fyrst og fremst eru þó páskarnir gleðihátíð. Þá gleðjumst við yfir undrinu mikla. Dauði Jesú var ekki óhjákvæmilegur endir lífsins. Jesús

reis upp frá dauðum. Dauðinn dó en lífið lifir segir Helgi Hálf-dánarson svo eftirminnilega í sálmi sínum. Í Jesú lifum við þótt við deyjum. Líf okkar er undursamleg gjöf Guðs sem varir yfir gröf og dauða. Eilífa lífið sem Jesús gefur okkur hefst hér og nú. Því er mikilvægt að að lifa lífinu lifandi. Til þess þurfum við að hafa uppsprettu. Sú uppspretta er í orði Guðs. Með því að nærast af orði Guðs verður líf okkar safaríkt og gróandi.

Í sambandi okkar við Jesú er eins og allur heimurinn fæðist upp á nýtt eins og kom fram í dægurlagatextanum sem vitnað var í hér að ofan. Við sjálf fæðumst að nýju. Tilvera okkar verður ekki lengur hverdagsleg. Hver dagur er nýtt tækifæri úr hendi Guðs og við sjáum lífið á nýjan og ferskan hátt. Við skynjum að Guð er með okkur og treystum á leiðsögn hans. Við sjáum möguleika í erfiðleikunum og getum jafnvel brosað í gegnum tárin. Við sjáum hvert annað á nýjan hátt og munum að hver einstaklingur er dýrmætur í augum Guðs.

Jesús er upprisinn. Jesús er sannarlega upprisinn syngjum við á páskum. Mitt í öllu sem breytist, endar og verður að engu er vonin um eilíft líf. Í gegnum þykkt og þunnt, gleði og sorg, um aldir allar, lifir Jesús og gefur okkur líf með sér.

*Petrína Mjöll Jóhannesdóttir.
guðfræðingur.*

Vor í lofti

Á nýrri öld og nýju ári hefur ýmislegt á daga okkar drifið í starfinu. Helst ber að nefna árshátíð félagsmiðstöðvarinnar og Réttarholtsskóla sem haldin var í samvinnu við Bústaðakirkju þann 1. mars sl. Um 270 unglingar mættu í sínu fínasta þússi. Borðhaldið var í Safnaðarheimili Bústaðakirkju og sá Lárus Loftsson um matinn.

Eftir borðhald var farið upp í Réttarholtsskóla þar sem við tók skemmtun og dansleikur til kl. 01.00. Árshátíð þessi var í alla staði vel heppnuð. Í tengslum við þennan merka viðburð var starfrækt útvarp í Bústöðum, þar sem unglingar sáu um þáttagerð.

Skíðaferð Bústaða var farin helgina 15.-18. mars. Haldið var til Akureyrar og gíst í húsnæði Íþróttafélagsins Þórs. Veðrið var eins og best var á kosið til skíðaiðkunar og var þessi aðstaða til útiveru vel nýtt. Notast var við skíði, snjóbretti, rassapötur og annað sem runnið gat. Komið var heim um kl. 19.00 á sunnudagskvöld.

Framundan er svo vorið og hin árlega hverfahátíð sem haldin er á

sumardaginn fyrsta, þann 19. apríl. Hátíðin er samstarfsverkefni Bústaða, foreldrafélaga skólanna, Knattspyrnufélagsins Víkings, Skátafélagsins Garðbúa og Bústaðakirkju. Hverfahátíðin verður nánar auglýst síðar.

Nú á vordögum er fyrirhugað að vera með ýmislegt á þrjónunum í Bústöðum, en náttfatanótt verður svo síðasti stóri viðburðurinn í vetur og er hún fyrirhuguð 4. maí. Félagsmiðstöðin Bústaðir mun fagna 25 ára afmæli sínu seinna á þessu ári. Til stendur að bjóða hverfisbúum upp á fjölbreytta afmælis dagskrá, sem verður auglýst í haust.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir lét af störfum sem forstöðumaður Bústaða í febrúar.

Í hennar stað kom Steingerður Kristjánsdóttir sem starfað hefur í félagsmiðstöðinni Þróttheimum, og var m.a. forstöðumaður þar í afleysingum árið 2000.

Við óskum Sigurbjörgu velfarnaðar á nýjum vettvangi og bjóðum Steingerði velkomna til starfa.



Ingibjörg Pálmadóttir prédikar á uppstigningardegi

Uppstigningardagur er dagur aldraðra. Messað verður kl. 14:00 og þar mun Ingibjörg Pálmadóttir, heilbrigðisráðherra prédika. Eftir messu er öllum öldruðum boðið upp á kaffiveitingar og sýning verður opnuð á munum úr starfi aldraðra.

Við hvetjum alla hina yngri til að aðstoða eldra fólkið til messu og þátttöku í degi aldraðra.

Helgihald í Bústaðakirkju um bænadaga og páska

Skírdagur

Guðsþjónusta kl. 20:00, altarisganga.

Föstudagurinn langi

Guðsþjónusta kl. 14:00.

Píslasagan lesin.

Einsöngur: Anna Sigríður Helgadóttir

Páskadagur

Guðþjónusta kl. 8:00 árdegis.

Bjöllukór Bústaðakirkju leikur.

Stjórnandi Jóhanna V. Þórhallsdóttir.

Trompetleikur: Ásgeir Steingrímsson.

Einsöngur: Ólöf Ásbjörnsdóttir.

Guðþjónusta í Bláfjöllum kl. 12:00.

Skírnarmessa kl. 14:00.

Örn Jónsson kveður sóknarnefnd

Örn Jónsson hefur starfað í sóknarnefnd Bústaðakirkju í 27 ár. Hann hefur ákveðið að taka sér hvíld frá störfum sóknarnefndar um sinn. Erni eru þökkuð frábær störf fyrir sóknina. Hann hefur verið einstaklega umhyggjusamur um velferð kirkjunnar og starfið.

Þrælíslenskt eða enskt?

Menn deila um það hvort “Evróvisiónlagið BIRTA” skuli flutt á íslensku eða einhverju öðru tungumáli úti í Kaupmannahöfn (Danmörk) í maí. SAMT hefur útvarpsráð ákveðið að það skyldi flutt á íslenskri tungu. Flytjendur lagsins eru fjórmeningarnir Kristján Gíslason, Gunnar Ólason (annar söngvarinn í hljómsveitinni Skítamóral), Yasmín og Nanna Ósk auk bakraddanna tveggja að sjálfsgöðu. Höfundur lagsins heitir Einar Bárðarson. Hann hefur samið texta við lagið á ensku, persónulega

finnst mér að það ætti að flytja lagið á íslensku.

Ég náði tali af Kristjáni Gíslasyni aðalsöngvara nýja Eurovision lagsins og spurði hann nokkurra spurninga.

Hvort finnst þér að ætti að flytja lagið á íslensku eða ensku?
Ensku.

Veistu hvað höfundinum (Einari Bárðarsyni) finnst?

Honum finnst líka að það ætti að flytja lagið á ensku.

Finnst þér gaman að syngja lagið Birta?

Já, ætli ég verði ekki að segja það.

Fara Nanna Ósk og Yasmín með í Eurovision keppnina?

Já, já það held ég sé öruggt.

Fer fjölskyldan þín með?

Já, konan mín.

Hvað heita bakraddirnar?
Regína og Hjördís Elín (DísElla).

Hlakkar þú til að fara? Rosalega, get ekki beðið. Það er allt of langt þangað til keppnin verður.

Hann tjáði mér líka að það ætti kannski að koma út geisladiskur með laginu á íslensku og ef til vill líka á ensku og einnig án texta.

Sandra Heimisdóttir.

TÖFF TÖFRANDI TAKTFAST



Í Bústaðakirju hittist reglulega hópur hressra tíu til tólf (TTT) ára barna. Á hverjum mánudegi kl. 17:15 hittist hópurinn og finnur sér margt skemmtilegt að gera. Þar má nefna ævintýraleiki, spila og spjallfundi, pizzubakstur, óvissuferðir. Auk þessa hefur hópurinn gefið út blað með frumsömdu efni og margt fleira. Framundan hjá hópnum eru spennandi verkefni. Ætlunin er að fara í ferðalag út

fyrir bæinn og gista eina nótt. Þar sem hópurinn samanstendur af hæfileikaríkum og hugmyndaríkum krökkum ætlum við að hafa listasmíðju þar sem við munum skapa spennandi listaverk sem sýnd verða við fyrsta tækifæri. Á þessari síðu gefur að líta efni eftir krakkana og vonumst við til að þið njótið vel.

RÚV vinsælasta sjónvarpsstöðin í Bústaðahverfi

Samkvæmt skoðanakönnun sem gerð var í Bústaðahverfi 19.feb. sl., um hver væri vinsælasta sjónvarpsstöðin, kom í ljós að Ríkissjónvarpið var lang vinsælasta sjónvarpsstöðin þegar könnunin var gerð. Rúv var í fyrsta sæti með fjórtán atkvæði, næst kom Skjár einn með tíu atkvæði, þá Stöð 2 með fimm atkvæði og Sýn með eitt atkvæði. Bíórásin og Omega lentu í neðsta sæti með ekkert atkvæði.

Könnunin var unnin af Bjarna Jónssyni, 12 ára í TTT.

Konni vinsæll gestur í barnamessum

Barnamessur í Bústaðakirkju hafa verið vel sóttar í vetur. Þangað koma börn á öllum aldri og eiga skemmtilega stund saman. Konni er fugl sem kemur reglulega í heimsókn og ákváðum við úr TTT að taka viðtal við hann.

1. Hvað heitir þú?

Konni Konnason

2. Hvað ertu gamall?

Æ,æ, ég er ekki alveg viss en ég fæddist þarna um sumarið þegar...en sleppum því ætli það sé ekki bara best að segja að það sé leyndarmál.

3. Hvar áttu heima?

Í tréi númer 33, efstu grein til hægri

4. Ferðu oft í barnamessur?

Já, auðvitað!!! Alltaf þegar ég get

5. Finnst þér

gaman í barnamessum?

Alveg roooooosalega. Ég veit ekkert skemmtilegra því þar er allt fullt af skemmtilegum börnum.

6. Ertu vinsæll hjá börnunum sem koma í barnamessurnar?

Já, svakalega vinsæll. Veistu að stundum þegar ég kem kalla krakkarnir Konni ! Konni!, það finnst mér gaman. Um daginn vildu allir faðma mig og ég var svolítið feiminn. Stundum gleyma börnin sér og kreista mig aðeins of fast, það finnst mér ekki gott. En oftast eru börnin skemmtileg og fín.

7. Hefur þú komið fram í öðrum kirkjum?

Já, þegar ég kem ekki í barnamessurnar í Bústaðakirkju fer ég í fuglakirkjuskólann og segi öllum fuglunum sögurnar sem ég læri hjá ykkur.



8. Finnst þér gaman

að hlusta á sögur úr Biblíunni?

Já, mjög gaman. Ég læri svo margt af þeim og svo eru þær svo spennandi.

9. Hvað gerir þú vanalega á daginn?

Á veturna er ég bara á ferðinni og leita mér að korni eða brauði til að borða. Ég reyni að hitta einhverja fugla til að leika mér við. En á sumrin ferðast ég um landið og skoða mig um.

Ellen og Ylfa.

Ljóðin okkar

Töfrandi sjórin lokkar mig að,
Tökum dótið saman og förum í sjóbað.

Tunglið skín á tófu tað.

Brynhildur Bolladóttir.

Takkar til að pota í
Tungur til að sleikja með
Teningar til að ruglast á!

Höf. Ókunnur.

Teningur með tölum
Tölum, já
Tannlaus er Tóta

Höf. Ókunnur

Í TTT er æðislega gaman
Þar koma krakkar og spjalla
og leika saman.

Fjórið hefst á mánudögum,
og Elfa og Linda lesa úr
Biblíunni,

fullt af sögum.

Pizzurnar okkar eru
mjög góðar,

og þá vorum við krakkarnir
miklir sóðar.

Það er hægt að hringja í TTT
gegnum síma

en nú er ég hætt að ríma.


Ellen Ásta, 11 ára.

Fermingar í Bústaðakirkju vorið 2001

Ferming í Bústaðakirkju

1. apríl kl. 10:30

Anna Lilja Einarsdóttir, Háagerði 61.
Arnar Jónsson, Blesugróf 16.
Arndís Hulda Auðunsdóttir, Tunguvegi 20.
Bjarma Magnúsdóttir, Hulduland 44.
Davíð Sigurgeirsson, Breiðagerði 7.
Edda Mac Farlane, Hólmgarði 50.
Elmar Víðir Másson, Melgerði 11.
Eva Rut Ellertsdóttir, Langagerði 3.
Evert Austmann Ellertsson, Brúnalandi 19.
Finnbogi Ágústsson, Rauðagerði 31.
Friðjón Jezorski Franzson, Slétuvegi 3.
Gunnar Torfi Hannesson, Háagerði 83.
Hrafnhildur Sigurðardóttir, Markarvegi 7.
Ingibjörg Jónasdóttir, Glítvangi 31.
María Leifsdóttir, Logalandi 38.
Ólafur Guðmundsson, Ljósalandi 17.
Ólafur Jónasson, Bjarmalandi 10.
Pálmi Guðlaugsson, Hólmgarði 42.
Stefán Örn Óskarsson, Markarvegi 16.
Svava Andrea Arnardóttir, Geitlandi 10.
Una Helga Jónsdóttir, Ljósaland 21.
Þórhildur Vala Þorgilsdóttir, Tunguvegi 19a.
Þuríður Stella Kristjánsdóttir Möller,
Blesugróf 9.



Ferming í Bústaðakirkju

1. apríl kl. 13:30

Anna Lind Björnsdóttir, Huldulandi 46.
Anna Rut Kristjánsdóttir, Kúrlandi 27.
Ásta Ýrr Kristjánsdóttir, Kúrlandi 27.
Björgvin Heiðar Arnarson, Bústavegi 99.
Daníel Freyr Sigurðsson, Ljósalandi 11.
Eyjólfur Óli Eyjólfsson, Markarvegi 15.
Garðar Guðmundsson, Langagerði 98.
Guðni Snær Jónsson, Ofanleiti 19.
Ívar Orri Aronsson, Huldulandi 36.
Klara Jóhanna Hlynisdóttir, Ásgarði 61.
Kristján Jökull Sigurðsson, Ljósalandi 11.
Pétur Kjartan Kristinsson, Geitlandi 12.
Ragnheiður Þorgrímsdóttir, Kvistalandi 19.
Snorri Ásmundsson, Rauðagerði 72.
Stefanía Reynisdóttir, Bústaðavegi 87.
Tinna Rós Finnbogadóttir, Hlíðargerði 17.

Ferming í Bústaðakirkju

8. apríl kl. 10:30

Anna Margrét Gunnarsdóttir, Freyjugötu 32.
Ásgerður Höskuldsdóttir, Skildingarnesi 6.
Áslaug Sigurðardóttir, Langagerði 27.
Dagný Lilja Snorrardóttir, Langagerði 15.
Daníel Már Arason, Litlagerði 12.
Davíð Halldórsson, Hólmgarði 51.
Davíð Örn Ólafsson, Rauðagerði 48.
Einar Óskarsson, Aðallandi 10.

Guðrún Fjóra Guðmundsdóttir, Reykási 47.
Hans Orri Kristjánsson, Básenda 7.
Helga Jónína Markúsdóttir, Álfatúni 5.
Hildur Ósk Jónsdóttir, Hvassaleiti 48.
Ingólfur Rúnar Jónsson, Geitlandi 2.
Ívar Freyr Sturluson, Búlandi 8.
Katrín Ingibergsdóttir, Akurgerði 33.
Laufey Rún Ketilsdóttir, Tunguvegi 30.
Margrét Guðmundsdóttir, Kvistalandi 10.
Ragnar Örn Birgisson, Keldulandi 7.
Sandra Dögg Svansdóttir, Laufengi 27.
Snædís Hjartardóttir, Hellulandi 12.
Sunneva Líf Ólafsdóttir, Markarvegi 8.
Þyri Huld Árnadóttir, Grundargerði 19.

Ferming í Bústaðakirkju

8. apríl kl. 13:30

Dóra Björk Steinarsdóttir, Vogalandi 4.
Elísabet Inga Knútsdóttir, Fífuseli 35.
Helga Þóra Ármann, Tunguvegi 86.
Hildur Sigurðardóttir, Goðalandi 3.
Ingibjörg Helga Sverrisdóttir, Búlandi 20.
Kristín Pétursdóttir, Grundarlandi 4.
Oddur Freyr Þorsteinsson, Mosgerði 20.
Saga Sigurðardóttir, Seljabraut 26.
Sigrún Tinna Sveinsdóttir, Vesturbergi 3.
Stefán Hjartarson, Haðalandi 23.
Sölvi Guðbrandsson, Hjallalandi 23.
Tanja Halla Önnud, Þórðardóttir,
Keldulandi 17.

Vala Dröfn Guðmundsdóttir, Efstalandi 2.
Valgerður Tryggvadóttir, Rauðási 7.

Ferming í Bústaðakirkju

16. apríl kl. 10:30

Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir, Snælandi 4.
Ari Birgir Ágústsson, Lálandi 9.
Aron Óli Gunnarsson, Gullengi 13.
Emma Dögg Ágústsdóttir Hafberg,
Hrafnshöfða 29.
Ester Ósk Aðalsteinsdóttir, Ásgarði 131.
Freyr Frímannsson, Álfheimum 38.
Guðrún Lára Einarsdóttir, Ásgarði 12.
Guðrún Þóra Arnardóttir, Hörðalandi 12.
Helena Björk Guðmundsdóttir,
Huldulandi 34.
Helga Höskuldsdóttir, Blöndubakka 11.
Helgi Helgason, Hjallalandi 27.
Hilmar Jónsson, Geitlandi 13.
Hinrik Ríkharður Hannesson, Kjarrvegi 1.
Magnús Dige Baldursson, Grensásvegi 58.
Oddur Örnólfsson, Dalalandi 2.
Ólafur Ingi Rúnarsson, Steinagerði 3.
Ragnar Ingi Ragnarsson, Réttarholtsvegi 51.
Tómas Karl Bernhardsson, Huldulandi 9.
Valdimar Garðar Guðmundsson,
Rauðagerði 59.
Viktor Alex Ragnarsson, Akurgerði 26.
Þórður Guðmundur Hermannsson,
Brautarlandi 18.

Af syngjandi æsku í Bústaðahverfi

Mikið fjör, kraftur og læti hafa verið í barna-og unglingakórnum hér í Bústaðakirkju þetta árið. Í vetur voru stofnaðir tveir nýir kórar Englakórinn og Kammerkórinn. Englakórinn er með börn fædd 1995-1994 og syngja þau létt og skemmtileg lög og mæta svo í englabúningunum sínum þegar þau syngja. Í Kammerkórnum syngja elstu stúlkurnar og er aldurshámarkið 18 ára í þeim kór. En auk þessara kóra starfa Barnakórinn, Stúlnakórinn og Bjöllukórinn í kirkjunni. Stjórnandi kóranna er Jóhanna V. Þórhallsdóttir.



La bella Italia

og áfram Akranes

Í vor verður farið í ferðalög eins og venjan er hjá kórnum. Bjöllukórinn, Englakórinn og Barnakórinn stefna á ferð til Akraness þar sem þau syngja og spila í kirkjunni, en Stúlnakórinn og Kammerkórinn leggja enn á ný land undir fót. Þær stefna að ferðalagi til Ítalíu, landi söngsins, nánar tiltekið til Piacenza þar sem þær ætla að heimsækja Stúlnakór. Svona ferðalag kostar að sjálfsögðu mikla fyrirhöfn og vinnu svo ekki sé talað um mikla peningasöfnun og hafa stúlkurnar og foreldrnir verið hörkuduglegir við að hjálpa til við að selja fisk, og alls kyns hluti til styrktar kórnum.

Vertu til er vorið kallar á þig

Nú fyrir páska getið þið t.d. hér í hverfinu átt von á að stúlkurnar úr kórnum berji á dyr og bjóði ykkur pásakaservíettur og kerti á vægu verði og vonandi takið þá vel á móti þeim. Allt er þetta til styrktar þessum ungu stúlkum og mark-

miðið að sjálfsögðu göfugt og gott. Þann 19. maí verða svo lokatónleikar þar sem allir kórnir koma fram. Þar syngjum við okkur inni sumarið og með léttri

vorsveiflu ásamt hljómsveit og einsöngvurum.

Þá er um að gera að fjölmenna hér í kirkjunni og hlýða á ungdóminn í hverfinu sínu.

Blómlegt starf hjá öldruðum í Bústaðakirkju

Starf aldraðra hefur verið blómlegt í vetur. Sigrún Sturludóttir stýrir starfinu með miklum ágætum ásamt góðu aðstoðarfólki. Á hverjum miðvikudegi safnast saman hópur karla og kvenna og gera sér glaðan dag við föndur, spjall og spilamennsku. Dagskráin hefur verið með fjölbreyttu sniði eins og undanfarin ár. Segja má að hópurinn hafi verið mikið á ferðinni í vetur. Starfið hófst á því að farið var í ferðalag í Hitaveitu Suðurnesja, Svartsengi og drukkið kaffi í Bláa

Lóninu. Þegar á leið haustið var stefnan tekin á Hveragerði og í byrjun mars var farið að sjá Gamla Perlur með leikhópnum Snúði og Snældu í Glæsibæ. Þá hefur hópurinn notið heimsóknar góðra gesta og hlýtt á gamanmál, söng og sögur. Starfsfólk öldrunarstarfsins þakkar öllum sem aðstoðað hafa við starfið í vetur. Sérstakar þakkir fá Lovísa fyrir frábærar veitingar og Sigrún Steingrímisdóttir, organisti, fyrir undirleik sinn.

Kveðja frá barna- og unglingaráði Víkings

Á undanförunum árum hefur verið unnið gott og vaxandi starf hjá yngri flokkum Víkings í knattspyrnu. Heiðurinn af þessu eiga áhugasamir foreldrar í hverfinu okkar sem lagt hafa sig fram um að fá til starfa hæfa þjálfara auk þess að tryggja samfelld starf allt árið. Æfingatöflum hefur verið stillt upp um leið og skólustarf hefst að hausti, þannig að auðveldara sé að taka tilliti til þess að leikmenn hafa aðrar skyldur sem þeir þurfa að sinna. Leiktíðin eða æfingaárið hjá Íþróttafélögunum er frá 1. október til 30 september. Þótt ótrúlegt sé frá því að segja, er starf yngri flokkanna í raun rekið af foreldrum. Við fáum inni í Víkinni og skólunum fyrir tilstilli borgarinnar en að öðru leyti sjá foreldrar um að halda rekstrinum gangandi ásamt þjálfurum. Á síðustu árum hefur iðkendur í barna- og unglingsflokkum í knattspyrnunni fjölgað úr um 150 í um 250. Barna- og unglingaráðið vinnur undir þeim merkjum að laða sem flesta til þátttöku í íþróttum og skiptir þá ekki máli hvaða íþróttgrein um er að ræða. Knattspyrnan og það félagslíf sem myndast hefur í kringum hana virðist þó henta mörgum vel. Bæði stúlkum og drengjum.

Í leikskrá sem dreift var á kappleik meistaraliðsins síðastliðið sumar fer formaður Víkings Þór Símon Ragnarsson nokkrum orðum um unglingsstarf félagsins. Orðrétt segir formaðurinn í grein sinni: “Unglingastarf Víkings vekur mikla athygli langt út fyrir raðir Víkings. Áhugi og atorka unglingsráðsins og öflugt foreldrarstarf skiptir mjög miklu máli í þessu sambengi.”

Vonir okkar standa til þess að á næstunni muni verða ráðinn íþróttfulltrúi á vegum borgarinnar í Víkina sem muni hjálpa til við að byggja enn frekar undir starfið hjá okkur. Þannig muni fleiri börn og unglingar koma og æfa íþróttir og taka þátt í því félagsstarfi sem fram fer í kringum þær. Forvarnargildi íþróttanna er margsannað. Ástæðulaust er að fjölyrða um það hér. Heilbrigð sál í hraustum líkama.



Mörg undanfarin ár hefur gengi meistaraflokks Víkings ekki alltaf staðið undir væntingum og metnaði. Í haust réði Meistaraflokksráðið Björn Bjartmarz, einn af okkar uppáhaldsdrengjum, þjálfara meistaraflokksins. Þrátt fyrir þetta heldur Björn áfram þjálfun fyrir Barna- og unglingaráðið í 5. fl. drengja. Við sendum Birni góðar kveðjur og óskum honum velfarnaðar á nýrri braut.

Gullmolarnir á myndinni og skrautfjöðrin hjá Barna- og unglingsráðinu er hinn nýstofnaði 8. flokkur Víkings. Ekki hafa áður verið skipulegar æfingar hjá ráðinu fyrir

þennan aldurhóp fædda 1995 og 1996. Farið var í leikskólana og málið kynnt fyrir börnunum og foreldrum þeirra sem fékk góðar undirtektir eins og sjá má. Æfingar eru einu sinni í viku á miðvikudögum kl. 17:40–18:30 í Breiðagerðisskóla. Þjálfarar eru Þrándur Sigurðsson íþróttakennari og Viggó Briem. Æfingar eru þátttakendum að kostnaðarlausu og eru foreldrar hvattir til að mæta með börnum sínum og fylgjast með þeim stíga sín fyrstu skref í íþróttunum undir styrkri leiðsögn reyns þjálfara.

Áfram Víkingur!

Barna- og unglingaráðið er þannig skipað:

*Kjartan Hjaltested formaður
Óskar Sverrisson gjaldkeri
Helga Hallgrímsdóttir fulltrúi 7. fl. drengja fæddir 1993 og 1994.
Þjálfarar eru Þrándur Sigurðsson og Viggó Briem.
Helgi Sigurðsson fulltrúi 6. fl. drengja fæddir 1991 og 1992. Þjálfarar eru Ingvar Jónsson og Kári Jónasson.
Gunnlaugur Briem fulltrúi 5. fl. drengja fæddir 1989 og 1990.
Þjálfarar eru Björn Bjartmarz og Kári Jónasson.
Sigurður Jack fulltrúi 4. fl. drengja fæddir 1987 og 1988. Þjálfarar eru Kári Jónasson og Viggó Briem.*

*Stefán Ragnar Hjálmarsson fulltrúi 3. fl. drengja fæddir 1985 og 1986.
Þjálfari er Hafsteinn Tómasson.
Sigurður Þorsteinsson fulltrúi 5. fl. stúlkna fæddar 1990 og 1991.
Þjálfari er Sara Smart.
Sóley Ólafsdóttir fulltrúi 4. fl. stúlkna fæddar 1988 og 1989. Þjálfari er Helgi J. Kristjánsson.
Þorgils Arason fulltrúi 3. fl. stúlkna fæddar 1986 og 1987. Þjálfari er Helgi J. Kristjánsson.
Yfirþjálfari er Þrándur Sigurðsson og markmannsþjálfari yngri flokka Hjörtur Jóhannsson.*